

HÚSÖNDIN

81.tbl. 2.árg.
2.október 2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 3.-9.OKTÓBER

- 3.10 Anna Dóra Snæbjörnsdóttir, Olga Laperova
5.10 Þórdís Guðfinna Jónsdóttir, Ingibjörg Björnsdóttir
6.10 Tómas Karl Ásgeirsson Muller, Adrian Wiktor Lawecki



Kæru sveitungar, nú þýðir ekkert annað
en að keyra upp keppnisskapið!
Snagi mánaðarins snýr aftur og við byrjum
að telja frá útgáfudegi þessa blaðs,
semsagt frá 2. október.

Við minnum einnig á að vetraropnun hefur tekið gildi,
nú er opið 12:00-22:00 alla daga.

Kveðja úr Jarðböðunum



Betri eða bitrari!

Mánudaginn 7. október kl. 17.00-18.30 verður Árelía Eydís Guðmundsdóttir með afar áhugaverðan fyrirlestur í Skjólbrekku. Árelía er dósent við Viðskiptadeild Háskóla Íslands og kennir leiðtogafræði og kúrsa um forystu og framtíðarvinnnumarkað.

Um fyrirlesturinn:

Mikilvægt er að setja stefnuna og huga að næstu skrefum í lífi og starfi reglulega. Árelía Eydís mun fjalla um mikilvægi þess að fara í stefnumótun í eigin lífi og huga að „framtíðarsjálfinu“ hvernig við undirbúum okkar sem best fyrir framtíðina. Á miðjum aldri erum við líklegri til að verða annað hvort „betri eða bitrari“, námskeiðinu er ætlað að varpa ljósi á af hverju það er – og kynna leiðir til að verða betri!

Fjallað verður um lífsánægju og vellíðan eftir aldri en munur er á því hvaða verkefni við erum að takast á við eftir því hvaða lífskafla við erum í. Við lítum á áskoranir, markmið, mikilvægi nýrra reynslu, hvernig við viðhöldum sköpunarkrafti okkar og um mikilvægi þess að þekkja hvernig við þróumst og þroskumst eftir aldri. Farið verður í hvernig vinnnumarkaðurinn er að breytast og með hvaða hætti er rétt að undirbúa sig með því að efla vinnuhæfni sína. Eftir Árelíu Eydísi hafa komið út sjö bækur.

– Fyrirlesturinn er styrkur af Lýðheilsusjóði





ICELANDIC

1A - Icelandic for beginners

Starts 11.október 2019

Fridays and Sundays 16:00-18:00

Location: Skjólbrekka

Teacher: Sólveig Jónsdóttir

Price: 22.500kr.

Sign up at: ditta@hac.is

2A - Icelandic for those that have finished 1B

Starts 11.október 2019

Fridays and Sundays 14:00-16:00

Location: Skjólbrekka

Teacher: Sólveig Jónsdóttir

Price: 22.500kr.

Sign up at: ditta@hac.is



Viðburðadagatal Mývatnssveitar í október

7. október kl.17 - Betri eða bitrari!

10.október kl.20 - Félagsvist

17.október kl.20 - Stutt menningarspjall II

24.október kl.20 - Kvikmyndakynning: Íslenskar kvikmyndir

26.október kl.14:00 - Slægjufundur

Sjá nánar í viðburðadagatali á www.skutustadahreppur.is og www.visitmyvatn.is

NÁMSKEIÐ FYRIR FORELDRA

Börn með kvíða

Tvö skipti Haldið 10. og 11. október

KENNARI: ESTER INGVARSDÓTTIR BARNASÁLFRÆÐINGUR

Á námskeiðinu er farið yfir helstu kvíðaraskanir og hvernig kvíði lærist og viðhelst. Foreldrum eru kenndar hagnýtar og gagnlegar leiðir til að hjálpa börnum sínum að ná tökum á kvíða og auka hugrekki.



Verð: 15.900kr fyrir einstakling eða 23.900kr fyrir foreldra/forráðamenn



Að ná skipulagi á heimilinu



Þann 3. október bjóða Þekkingarnet Þingeyinga og Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslu á fyrirlestur þar sem Virpi Jokinen mun koma og kynna hugmyndir að bættu skipulagi fyrir heimilið sem getur sparað tíma og sett heimilið í betra stand.

Virpi lauk námskeiði fyrir vottaða skipuleggjendur í Helsinki í nóvember 2018 og er fyrsti starfandi vottaði skipuleggjandinn á Íslandi, en enska starfsheitið er „Professional Organizer“. Hún rekur sitt eigið fyrirtæki, Á réttu hillu.

Tímasetning: 3. október 2019, kl. 18:00.

Framsýn, Garðarsbraut 26, Húsavík

Boðið verður upp á fyrirlesturinn í fjarfundi í Mikley, allir velkomnir



NORÐLENSKA

SLÁTURSALA 2019

Slátursala hefst þriðjudaginn 1.október
og lýkur föstudaginn 11.október.

Opnunartími er frá: 10:00 > 12:00 og 13:00 > 17:00
Alla virka daga

Mörbrytjun er í boði á þriðjudögum og fimmtudögum.
Nauðsynlegt er að panta brytjun deginum áður.

Mjög áriðandi er að vörur séu pantaðar fyrirfram
til að tryggja hraða og góða afgreiðslu

Sími í slátursölu: 840-8850

Hollur og góður matur á góðu verði

Geymið auglýsinguna

Umsóknir um úthlutun menningarstyrkja – seinni úthlutun 2019



Í samræmi við reglur um úthlutun menningarstyrkja í Skútustaðahreppi auglýsir velferðar- og menningarmálanefnd eftir umsóknum til menningarstarfs í sveitarfélaginu en þetta er seinni úthlutun ársins 2019. Skútustaðahreppur veitir styrki til einstaklinga, hópa, félagssamtaka, fyrirtækja og stofnana til almennrar menningarstarfsemi eða verkefni.

Við mat á umsóknum skal menningarstefna Skútustaðahrepps höfð til hliðsjónar. Auk þess er horft til eftirfarandi þátta:

- Hvernig verkefnið / starfsemin auðgar menningarlífið í Skútustaðahreppi og hvernig fjármunirnir nýtist í því samhengi.
- Hversu líklegt er að verkið verði framkvæmt, laði að frekara fjármagn og aðstandendur verkefnisins geti hrint því í framkvæmd.
- Gæða, vinnslu og framsetningar umsóknar, sýn umsækjenda og fagleg vinnubrögð.

Sótt skal um verkefnastyrki á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu Skútustaðahrepps (undir Stjórnsýsla > Skjöl og útgefið efni > Umsóknareyðublöð).

Umsóknir skal senda á netfangið skutustadahreppur@skutustadahreppur.is. Umsóknarfrestur er til og með 1. nóvember 2019.

Velferðar- og menningarmálanefnd